63
11. nóv.

AUGLÝSING

um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 29. ágúst var undirritað í Reykjavík samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu á tímabilinu frá 1. september 1958 til 31. ágúst 1959. Samkomulag þetta er gert í samræmi við ákvæði viðskiptasamnings milli Íslands og Tékkóslóvakíu, sem undirritaður var í Prag hinn 1. október 1957 (Stj.tíð. A. 87/1957).

Þetta er almenningi hér með gert kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 11. nóvember 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

64
26. nóv.

LÖG

um útflutning hrossa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands yfirumsjón með útflutningi hrossa og markaðsöflun fyrir hross erlendis.

2. gr.

Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 10 vetra. Útflutningur á fyrstu verðlauna kynbótahestum og öðrum hestum óvönuðum svo og kynbótahryssum er óheimill, nema til komi leyfi atvinnumálaráðherra hverju sinni og að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands og yfirdýralæknis, enda mæli sérstakar ástæður með slíkum útflutningi.

Á tímabilinu frá 1. október til 1. júní er óheimilt að flytja hross á erlendan markað. Þó má leyfa útflutning á eldishrossum á þessu tímabili að fengnu samþykki og meðmælum þeirra aðila, er áður greinir. Á tímabilinu frá 1. október til 1. desember er þó útflutningur hrossa heimill, enda séu þau flutt landa á milli í sérstökum viðurkenndum gripaflutningaskipum.

3. gr.

Áður en hross eru flutt úr landi, hvort heldur er til einstakra manna eða til sölu á erlendum markaði, skulu þau skoðuð á útflutningsstaðnum af dýralækni. Dýralæknir semji skrá yfir hin útfluttu hross í áframhaldandi töluröð og festi samtímis við hvert hross spjald, þar sem tilgreind er skrásetningartala þess, kynferði, aldur, litur og hæð. Embættisdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi skyldir til þess að annast skoðun á útflutningshrossum. Atvinnumálaráðherra ákveður þóknun fyrir skoðun hrossanna og eftirlit með útflutningnum, og greiðist hún úr ríkissjóði.

64

4. gr.

Dýralækni er skylt að líta eftir og fullvissa sig um, að rúm það í skipunum, 26. nóv.
sem hestarnir eru fluttir í, sé nægilega stórt, loftgott, stíurnar traustar og að brynningaráhöld séu hagkvæm og í góðu lagi, enn fremur að hrossunum sé ætlað nægilegt og gott vatn og fóður og að skipstjóri hafi til umráða nægilegan mannafla til þess að annast hirðingu hrossanna í skipinu. Á stíugólf og gangrúm, sem hross eru leidd um, skal strá hálmi eða sandi eða gera þau ósleip á annan hátt. Sjá skal fyrir góðri loftræstingu, þar sem hross eru höfð, og birtu, eftir því sem ástæður frekast leyfa.

5. gr.

Skylt er dýralækni að kyrrsetja og banna útflutning á hrossum, sem eru mögur og illa útlítandi, meidd, hölt, með mjög snúna hófa, áberandi skakka eða hnýtta fætur, áberandi bilun í fótum eða með öðrum verulegum lýtum og göllum.

6. gr.

Þeim, sem senda hross til útlanda, er skylt að tilkynna það dýralækni með nægum fyrirvara, enn fremur láta dýralækni í té næga aðstoð við skoðunina.

7. gr.

Dýralækni og skipstjóra er skylt að láta fylgja farmskrá skipsins vottorð um aldur, stærð, heilbrigði og útlit hrossanna á útskipunardegi, sbr. 3. gr.

8. gr.

Atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, yfirdýralæknis og Dýraverndunarfélags Íslands, reglugerð um útflutning hrossa, þar sem nánar er tekið fram um útbúnað skipa og flugvéla, er annast útflutning hrossa, stærð þeirra og ganghraða, fóðurbirgðir, vatnsbirgðir, loftræstingu, hirðingu hrossa í skipinu og annað það, er máli skiptir fyrir öryggi og góða líðan hrossanna, meðan á flutningi stendur.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 2000—20000 kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 50/1932, um útflutning hrossa, og lög nr. 42/1958, um breyting á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 26. nóvember 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

Endurprentað blað.